hans, mönnum eins og Guðbrandi Magnússyni, Jóni Þorsteinssyni og Valtý Albertssyni og þegar við Ingibjörg giftum okkur 1938, gáfu þau hjónin, Elín og Helgi Bergs, forstjóri Sláturfélagsins, okkur Kjarvalsmálverk. Af öllu þessu má sjá, að ég hafði góð skilyrði til þess að læra að meta list Kjarvals.

— Finnst þér hann gnæfa hæst allra íslenzkra myndlistarmanna?

— Kjarval hefur breiðast svið allra okkar manna. Sú breidd er alveg með ólíkindum — allt frá fínustu pennateikningum og litlu rauðkrítarmyndinni af Einari skáldi Benediktssyni til dæmis, sem er minni en póstkort, — uppí Lífshlaupið og þessar stóru landslagsmyndir. Þar að auki var hann stórkostlegur portretmálari; samt er yfirleitt aldrei talað sérstaklega um hann sem slíkan. Mynd hans af Þórarni Olgeirssyni í Grimsby, sem er hér á sýningunni, er gott dæmi um portretlist hans. Þórarinn var Skaftfellingur, frændi Kjarvals og þeir þekktust vel. Það fer ekki milli mála, að það er mikil kempa, sem Kjarval hefur málað þarna. Mörg portret hans eru á barnum á Hótel Holti, en þau eru aðeins að litlu leyti á sýningunni. —

— Ef við lítum á lífsverk Kjarvals sem aðskilda þætti: Landslagsmálverkið, fantasíurnar, teikningarnar og portrettin, — er eitthvað af því, sem þú metur ofar öðru?

— Mér finnst alltaf mikið til um þessar litlu teikningar. Hann nær einhverju þar, sem ekki kemur fram hjá öðrum og þessar myndir sýna það alveg örugglega, að Kjarval hefur verið viðkvæm sál, afskaplega fín sál. Um það segir Gylfi Þ. Gíslason í formála fyrir sýningarskrá, sem ég hef látið útbúa í tilefni sýningarinnar:

„Kjarval var það eflaust ljósast allra manna, að hann var ekki allur þar sem hann var séður. Hann vildi einmitt ekki láta innri mann sinn blasa við hverjum sem væri. Karen Blixen sagði það einu sinni um kenningar Sigmunds Freuds, að henni væri til efs, að það væri mannkyni til góðs, að kafað væri jafndjúpt í sálarlífið og hann hefði reynt að gera til þess að varpa ljósi á alla hluti. Fagurt blóm þyrfti að eiga sér djúpar rætur í myrkri og yl. Ef hróflað væri við þeim, fölnaði blómið og dæi. Ég held, að Kjarval hafi viljað fá að hafa innri mann sinn í friði. Það, sem ýmsum fannst undarlegt, hefur ef til vill verið varnarlist hans.“

Ég held að þessi ummæli hitti naglann á höfuðið. En hvað varðar mitt mat á hinum ýmsu og ólíku þáttum í list Kjarvals, þá fer það ekki eftir stærð, svo mikið er víst. En svo ég komi aftur að teikningunum: Mér finnst að hingað til hafi þær ekki verið metnar eins og vert væri. Þar með er þó ekki sagt, að allar séu þær jafn góðar. Líklegt er að sumar þeirra hafi hann gert fyrir sjálfan sig og aldrei ætlazt til þess, að þær kæmust í umferð. En þar sem maðurinn var afskaplega hirðusamur, henti hann aldrei neinu. Hann mátti aldrei sjá illa farið með pappír, enda má segja að pappír ásamt blýöntum, litum og striga, hafi verið hans stóra verðmæti í lífinu, — með þeim meðulum fékk hann útrás fyrir sínar tilfinningar. Við megum heldur ekki gleyma því, að þegar hann var að alast upp voru pappír og skriffæri munaðarvara og alls ekki í hvers manns eigu. —

— Á heimurinn eftir að uppgötva Kjarval, eða verður hann áfram séreign okkar Íslendinga?

— Ekki vil ég útiloka þann möguleika, að heimurinn eigi eftir að uppgötva list Kjarvals. Til dæmis er tímaritið National Geographic Magazine að gera sérstakt Íslandsblað og af því tilefni kom ljósmyndari hingað til þess að mynda Lífshlaupið. Ég veit þó ekki, hvað verður um Kjarval í þessu hefti, en stundum þarf ekki meira en þetta til að koma hreyfingu á hlutina úti í hinum stóra heimi. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni að einhverjir útlendingar hafi sýnt því áhuga að gangast fyrir Kjarvalssýningum á Norðurlöndum og jafnvel í Bandaríkjunum; til dæmis kom til mín kona, sem hafði áhuga á að gangast fyrir sýningu á Sveaborg og síðan átti hún að fara víðar um Norðurlönd. En það verður aldrei neitt úr þessu og líklega verður það ekki í okkar tíð.

— Því má svo velta fyrir sér, hvaða áhrif það hefði ef umheimurinn uppgötvaði Kjarval og verk hans kæmust í geypiverð. Þá mundi trúlega mörg góð mynd eftir hann hverfa úr landi. Þú hefur aftur á móti unnið stórvirki í að endurheimta það, sem áður hefur borizt utan. Telurðu að enn sé eftir að uppgötva merkar Kjarvalsmyndir erlendis, og ef til vill einnig hér heima?

— Það er mikið af Kjarvalsmyndum á ólíklegustu stöðum, til dæmis á bæjum á Austurlandi og í Skaftafellssýslu. Kjarval gaf leigubílstjórum myndir í stórum stíl og stundum sjást Kjarvalsmyndir á heimilum, þar sem ekkert er annars til af myndlist. Ekki er ósennilegt að eitthvað af því eigi eftir að koma í sölu; þannig hefur það skeð. Úti í Danmörku er örugglega eitthvað til eftir Kjarval; til dæmis voru tvær myndir hans á uppboði í síðasta mánuði. Ég fæ upplýsingar um slíkt, þegar það gerist, en ég elti ekki þessi uppboð.

Á þessu ári fékk ég vitneskju um tvö málverk eftir Kjarval, sem á sínum tíma voru gefin í brúðargjöf til Þýskalands og hafa verið þar í 50 ár. Svo fór að ég keypti bæði þessi málverk, bæði eru þau dýrleg listaverk og koma nú í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir. Fleiri myndir eru nú sýndar í fyrsta sinn; þar á meðal stórt málverk af Rauðhólunum, áður en þeir voru eyðilagðir, og þessvegna hefur hún líka sögulegt gildi. Hún var ákaflega óhrein orðin, en er nú nýhreinsuð. Einnig er hér mynd, sem var í eigu Tómasar Guðmundssonar skálds og var gjöf Kjarvals til Tómasar á merkisafmæli skáldsins, mig minnir þegar hann varð sextugur. Það er við hæfi, að þessi mynd heitir „Fagra veröld“ og hún er afskaplega skáldleg eins og nærri má geta, en myndir af svona svífandi englabörnum eða gyðjum eru allmargar til eftir Kjarval. —

— Hefur þú í hyggju að halda áfram að safna Kjarval í sama mæli sem hingað til?

— Nei, ég kaupi að minnsta kosti ekki hvað sem er. Héðan í frá ætla ég mér að bæta við þetta safn einungis því, sem hefur sérstakt gildi, — því sem ég kalla raritet.

— Setjum svo, að þú yrðir settur í þá erfiðu stöðu, að þú gætir aðeins átt eina Kjarvalsmynd af öllu því, sem þú hefur safnað. Hverja myndir þú velja?

Þorvaldur svaraði ekki strax. Hann púaði vindlinginn og horfði á Kjarvalsmyndina, sem hangir á veggnum gegnt skrifborði hans. Hann sagði: —Þetta er óneitanlega erfið spurning, en ætli ég mundi ekki staðnæmast við upphafið: Litlu myndina af þeim Kristi og Júdasi, sem ég eignaðist fyrst. —


GÍSLI SIGURÐSSON



Kjarval ásamt Þorvaldi Guðmundssyni og Sigurði Benediktssyni við uppboð á Hótel Sögu um 1965.



Ein af mörgum perlum á sýningunni í Háholti: Rjúpa, mynd í póstkortsstærð unnin með vatnslitum, blýanti og gyllingu.



Lesbók/Friðbjófur Helgason

Háholt í Hafnarfirði, sýningarsalur Þorvalds Guðmundssonar, þar sem hann hefur komið fyrir 150 Kjarvalsmyndum úr safni sínu. Sýninguna opnar Þorvaldur í dag.